



Umhverfis- og samgöngunefnd
b.t. Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 24. október 2012
1210087/0.1.2/lsh

Efni: Umsögn til umferðalaga, þingskjal 179, 2012.

Landlæknir þakkar fyrir beiðni um umsögn um ofangreint frumvarp. Út frá sjónarmiðum lýðheilsu felst í vandaðri lagasetningu á sviði umferðamála öflugt tækifæri til að efla lýðheilsu og minnka líkur á slysum og óhöppum í umferðinni.

Almennar ábendingar:

Nokkrar breytingar eru hér á ferð sem eru til mikilla bóta. Lækkuð viðmið um skilgreiningu á ölvunarakstri og sú nýlunda að veita heimildir til að hafa trúnaðarlækni við Umferðastofu styður öikumenn til að meta færni sína til aksturs rétt. Mikilvæg skref eru einnig stigin með því að veita sveitarfélögum heimildir til aðgerða vegna svifryks, nokkuð sem má búast við að verða æ mikilvægara eftir því sem umferð þyngist í þéttbýli hér á landi. Ennfremur er brýnt að skilgreina stöðu rafdrifinna bifhjóla í umferðinni (bifhjól I) og setja fram kröfu um aldur og próf vegna þeirra. Nokkuð hefur borið á slysum vegna þeirra og því úrbóta þörf.

Sértækar ábendingar:

Í 48. grein frumvarpsins er kveðið á um skyldur öikumanns vélknúins ökutækis til að gangast undir öndunarpróf og láta í té lífssýni. Í eftirfarandi málsgrein –

Lögregla annast töku öndunar-, svita- og munnvatnssýnis. Læknir, hjúkrunarfræðingur eða lífeindafræðingur annast töku blóðsýnis og eftir atvikum munnvatns-, svita- og þvagsýnis. *Aðrar rannsóknir og klínískt mat skal framkvæmt af lækni eða hjúkrunarfræðingi (leturbreyting landlæknis).*


Upptalning undir *aðrar rannsóknir og klínískt mat* getur falið í sér t.d. mat á eitrunaráhrifum af völdum áfengis og/eda lyfja (með hliðsjón t.d. af vistun í fangageymslu) og/eda til að útiloka að það ástand sem er til staðar stafi af sjúkdómi en ekki áfengisneyslu eða lyfjum. Landlæknir mælist því til að „aðrar rannsóknir og klínískt mat“ eins og hér er vísað til, séu alfarið á ábyrgð læknis.

Tillaga að breyttu orðalagi í 48. grein væri þá:

Lögregla annast töku öndunar-, svita- og munnvatnssýnis. Læknir, hjúkrunarfræðingur eða lífeindafræðingur annast töku blóðsýnis og eftir atvikum munnvatns-, svita- og þvagsýnis. *Aðrar rannsóknir og klínískt mat skal fara fram á ábyrgð læknis.*

Landlæknir lýsir yfir stuðningi við frumvarpið, með þeim ábendingum um breytingar sem hér fylgja.

Virðingarfyllst,


Geir Gunnlaugsson, landlæknir